

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 229/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurði Guðna Björnssyni

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. maí 1994. Krefst ákærvaldið þyngingar á refsingu ákærða og enn frekari sviptingar ökuréttar hans.

Lögregluþjónninn Jónína Guðrún Jack hefur staðfastlega borið, að ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar G-3458, þegar lögreglubifreiðinni var ekið vestur Hamraborg í Kópavogi á nýársnótt 1993. Bifreiðin hafi verið í gangi og setið föst í snjó í útkeyrslu af bifreiðastæði fyrir framan Hamraborg 9. Hafi ákærði hnykkt bifreiðinni fram og aftur til þess að reyna að losa hana. Vitnið kvaðst aldrei hafa misst sjónar á ákærða, frá því er hún kom auga á hann undir stýri úr lögreglubifreiðinni, uns hún hafði tal af honum, enda örstutt á milli. Þessi frásögn fær stoð í framburði ökumanns lögreglubifreiðarinnar, sem kvaðst hafa séð ákærða undir stýri á bílnum og þekkt hann sem sama mann og kom inn í lögreglubifreiðina. Þá er til þess að líta, að ákærði viðurkenndi í upphafi rannsóknar málsins akstur þann, sem hann er ákærður fyrir, en hvarf fyrst frá þeirri játningu tæpum 6 mánuðum síðar, er hann skýrði svo frá við lögregluyfirheyrslu, að sambýliskona sín hefði verið ökumaðurinn. Var honum og konu hans þó ljóst, að rannsóknin beindist að honum frá upphafi vegna játningar hans á vettvangi og fyrir varðstjóra, enda var hann í framhaldi hennar færður til töku blóðsýnis til alkóhólrannsóknar. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu hans á broti ákærða til refsíákvæða.

Sakaferill ákærða er rakinn í héraðsdómi. Ákærði var ekki orðinn 18 ára, er hann framdi brot þau, sem fjallað er um í dómsáttinni frá 15. september 1987 og dóminum frá 10. janúar 1990. Hafa þau brot því ekki ítrekunaráhrif í máli þessu samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er sviptingu ökuréttar ákærða varðar. Hins vegar var hann tæpra 19 ára, er hann framdi brot það, sem dómsáttin frá 21. mars 1991 lýtur að.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans og samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt, en vararefsing ákveðst 12 daga varðhald. Þá ber og samkvæmt 101. gr. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. nú lög nr. 44/1993, að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um sviptingu ökuréttar ákærða.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Guðni Björnsson, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttar ákærða og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. desember 1993.

1. Ár 1993, föstudaginn 10. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness af Sigurði Halli Stefánssyni kveðinn upp dómur í máli nr. S-237/1993, sem var dómtekið 2. þ.m.

Mál þetta er höfðað með ákæru sýslumannsins í Kópavogi 2. nóvember 1993 á hendur Sigurði Guðna Björnssyni, kt. 210771-4769, Skólagerði 57, Kópavogi, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 1. janúar 1993 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G-3458 frá heimili sínu að Álfrólsvegi 49, Kópavogi, áleiðis til Hafnarfjarðar, þar til lögreglan hafði afskipti af ákærða á móts við hús númer 9 við Hamraborg, Kópavogi.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Af hálfu ákærða eru gerðar þær dómkröfur að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og honum dæmdur málskostnaður úr ríkissjóði.

2. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Kópavogi voru lögregluþjónarnir Jónína Guðrún Jack og Þorvaldur Sigmarsson á eftirlitsferð vestur Hamraborg í Kópavogi föstudaginn 1. janúar 1993 kl. 0.35, er þau veittu athygli bifreiðinni G-3458, sem var kyrrstæð móts við hús nr. 9 við Hamraborg. Virtist sem ökumaðurinn hefði fest bifreiðina í snjóskafli. Í skýrslunni segir að Jónína Guðrún hafi haft tal af ökumanni, sem hafi setið undir stýri bifreiðarinnar, og vél hennar verið í gangi. Sterkan áfengisþef hafi lagt frá vitum ökumanns. Í framhaldi af öndunarprófi hafi hann verið fluttur á lögreglustöðina í Kópavogi, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla, en að því búnu á slysadeild til töku blóðsýnis. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra kvaðst ákærði hafa drukkið úr einu glasi af rauðvíni og tvo bjóra á tímabilinu frá kl. 19 til 21 þá um kvöldið. Hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni G-3458 frá heimili sínu, Álfhólsvegi 49, Kópavogi, og ferðinni verið heitið að Setbergi í Hafnarfirði.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóðsýni vera 1,40‰.

3. Við yfirheyrslur hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Árnessýslu 27. maí sl. báru ákærði og sambýlskona hans, Berglind Kristinsdóttir, að hún hefði ekið í umrætt sinn og að þau hefðu bæði verið utan við bifreiðina er lögregla kom að.

Fyrir dóminum kvað ákærði þau Berglindi hafa farið frá heimili þeirra, Álfhólsvegi 49, Kópavogi, áleiðis til Hafnarfjarðar í bifreiðinni G-3458. Berglind hafi ekið en hún hafi drukkið bjór allnokkru fyrr um kvöldið og sjálfur hafi hann drukkið sterkt áfengi og bjór. Þau hafi komið við hjá „Mömmu Rósu“, en bifreiðin hafi fest í snjó við útakstur af bifreiðaplaninu við Hamraborg í Kópavogi. Hann kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni og reynt að ýta henni. Á meðan hafi tveim lögreglubifreiðum verið ekið fram hjá frá vestri. Hinni fyrri hafi verið snúið til baka. Í þann mund hafi Berglind komið út úr bifreiðinni, verið skelkuð og hann ákveðið að segjast hafa ekið. Hann hafi tekið við bíllyklinum af Berglindi og hafi þau bæði staðið við ökumannsdýr bifreiðarinnar er lögreglan hafi komið þar að. Hann hafi síðan gefið sig fram, er spurt var hvort þeirra hefði ekið.

Berglind Kristinsdóttir kvað þau ákærða hafa verið heima hjá sér á Álf-

hólsvegi kvöldið fyrir umrætt atvik. Hún hafi drukkið 1–2 bjóra en ákærði meira. Hún kvaðst hafa ekið bifreiðinni G-3458 og komið við hjá „Mömmu Rósu“. Á leið út af bifreiðaplaninu þar hafi bifreiðin fest og ákærði farið út að ýta. Á meðan hafi tveimur lögreglubifreiðum verið ekið fram hjá og annar (sic) þeirra komið til þeirra. Hún kvaðst þá hafa farið út úr bifreiðinni, í uppnámi, en ákærði hafi tekið við bíllyklinum og viljað taka á sig að hafa ekið. Þau hafi bæði staðið við hlið bifreiðarinnar er lögreglukona hafi gengið að þeim og spurt, hvort þeirra hefði ekið, og ákærði þá sagst hafa gert það. Lögreglukonan hafi spurt sig: „Af hverju keyrðirðu ekki?“ Hún gat þess, að á þessum tíma hefðu þau bæði verið stuttklippt og ljóshærð, þ.e. ákærði með ljóslitaðar strípur.

Vitnið Jónína Guðrún Jack lögregluþjónn kvaðst hafa verið í lögreglubifreið sem Þorvaldur Sigmarsson ók til vesturs um Hamraborg. Hún kvaðst hafa setið hægra megin í bifreiðinni og á hægri hönd örstutt frá hafi hún séð bifreið við út-(upp-)keyrslu af bílaplani. Í um 10 metra fjarlægð hafi hún séð að verið var að „jugga“ bifreiðinni fram og til baka. Lögreglubifreiðin hafi verið stöðvuð og hún farið út úr henni án þess að missa nokkru sinni sjónar á bifreiðinni, sem um ræðir, og gengið að henni til að tala við öku-manninn. Lögreglubifreiðinni hafi verið lagt á stæði skammt frá. Ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar, sem hafi verið í gangi allan tímann. Hann hafi sagt: „Það var klaufaskapur hjá mér að gera þetta því að hún er edrú og hefði átt að keyra.“ Konan hafi hins vegar gefið þá skýringu að hún æki helst ekki í snjó.

Vitnið Þorvaldur Sigmarsson lögregluþjónn skýrði svo frá að hann hefði ekið lögreglubifreiðinni til vesturs ásamt Jónínu Guðrúnu Jack og á móts við Hamraborg 7 hefðu þau séð á hægri hönd bifreið, sem verið var að reyna að losa í beygju af húsagötu upp á aðalgötuna. Hann kvaðst ekki muna hvort hann hefði tekið eftir hreyfingu á bifreiðinni, en hún hefði verið í gangi, reykur úr púströri, og ákærði setið undir stýri. Jónína Guðrún hafi gengið að bifreiðinni og önnur lögreglubifreið hafi komið þar að jafnframt og lögregluþjónar komið út úr henni. Sjálfur kvaðst hann hafa ekið aðeins vestar, yfir hraðahindrun vestan við útkeyrsluna, þar sem bifreiðin G-3458 var, og lagt lögreglubifreiðinni í stæði á vinstri hönd (að sunnanverðu við veginn). Hann kvaðst ekki hafa gengið að bifreiðinni en fylgst með henni.

4. Með vætti lögregluþjóna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað að ákærði hafi framið það brot sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsíákvæða í ákæru.

Með dómsátt 15.9. 1987 var ákærða gert að greiða sekt og sæta ökuleyfis-

sviptingu f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Þ. 10.1. 1990 var hann dæmdur í 45 daga varðhald, skb. í 3 ár, og til sviptingar ökuleyfis í 1 ár f. brot gegn 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 45. gr. umfl. Með sátt þ. 21.3. 1991 var honum gerð sekt, kr. 20.000,00, og svipting ökuleyfis í 4 mánuði f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umfl. Með sátt þ. 22.8. 1991 gekk hann að greiðslu sektar, kr. 45.000,00, f. brot g. 1. mgr. 48. gr. umfl.

Refsing ákærða er ákveðin 53.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Guðni Björnsson, greiði 53.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Valgeirs Kristinssonar hrl., 35.000,00 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur.
